

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2008


Efni: Tillaga til þingsályktunar um íslenska málstefnu

Íslensk málnefnd hefur fengið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu. Í fylgiskjali með þingsályktunartillögunni er málstefnan birt eins og Íslensk málnefnd sendi hana frá sér sem tillögur til menntamálaráðherra í nóvember 2008 undir heitinu „Íslenska til alls“. Það er eitt af hlutverkum málnefndarinnar samkvæmt 9. grein laga nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að vinna að slíkum tillögum.

Mjög góð viðbrögð hafa þegar verið við tillögunum. Málnefndin hvetur því til að þingsályktunin verið aftur tekin til umræðu á Alþingi og samþykkt. Þótt illa ári í þjóðfélaginu sem stendur má þegar vinna að framgangi margra atriða sem fram koma í málstefnunni og styðja íslenska tungu. Önnur yrðu síðan langtímamarkmið en öll eru markmiðin mikilvæg ef unnt á að vera að nota íslensku til alls í framtíðinni.

Stjórn Íslenskrar málnefndar er fús til að svara fyrirspurnum menntamálanefndar ef einhverjar eru.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar,


Guðrún Kvaran
formaður